

**Fundargerð 279. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 19. júní 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 30.maí 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð hreppsnefndar 6. júní 2008. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 9. júní 2008. Samþykkt.
4. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 6. maí 2008. Samþykkt.
5. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 3. júní 2008. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Bréf dags. 11. júní 2008 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með ósk um að Reykhólahreppur tilnefni tvo fulltrúa í Svæðisskipulagsnefnd og taki til umfjöllunar áherslur svæðisskipulags. www.fjordingssamband.is . Samþykkt að taka ekki þátt í svæðisskipulagi fyrir Vestfirði.
2. Tölvupóstur dags. 30. maí 2008 frá Gistiheimilinu Álftalandi ehf með beiðni um að fá Reykhólaskóla leigðan fyrir gisti- og veitingastarfsemi. Ekki er hægt að verða við erindinu að svo stöddu, þar sem búið er að ákveða viðhaldsvinnu á húsnæðinu í sumar. Sveitarstjóra falið að ræða við eigendur Álftalands ehf um hugsanlega leigu næsta sumar.
3. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs. Samþykkt að Gústaf Jökull Ólafsson verði áfram oddviti og Egill Sigurgeirsson varaoddviti.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 9. maí 2008 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með fundargerðum FV og umsögnum og ályktunum stjórnar FV. Sjá nánar: www.fjordingssamband.is Lagt fram til kynningar.

Önnur mál:

1. Tillaga frá Gústafi Jökli um breitta nefndarskipan frá 19. júní 2008.
Skipulags- bygginga- og hafnarnefnd: Aðalmenn: Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson. Varamenn: Herdís Erna Matthíasdóttir, Þórður Jónsson, Björn Fannar Jóhannesson.
Mennta og menningamálanefnd: Aðalmenn: Karl Kristjánsson, Eygló Kristjánsson, Guðrún Guðmundsdóttir. Varamenn: Kristján Þór Ebbenzonsson, Guðrún Sigfríður Samúelsdóttir, Sveinn Ragnarsson.
Umhverfis- og náttúruverndarnefnd: Aðalmenn: Ingvar Samúelsson, Sveinn Ragnarsson, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir. Varamenn: Bjarki Stefán Jónsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Bjarki Þór Magnússon.
Stjórn Barmahlíðar: Aðalmenn: Egill Sigurgeirsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Rebekka Eiríksdóttir. Varamenn: Karl Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson, Eygló Kristjánsdóttir.

Tillagan samþykkt.

2. Kaupsamningur um Hólatröð 3. Samþykkt að kaupa Hólatröð 3 af Þrjú ehf skv. samningi dags. 19. júní 2008 að upphæð kr. 15.700.000.
3. Bréf Vegagerðarinnar frá 26. maí 2007 með beiðni um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar í Gufudalssveit. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir nýjum Vestfjarðavegi (60) frá Þórisstöðum í Þorskafirði um Hallsteinsnes, yfir Djúpafjörð og Gufufjörð um Grónes og Melanes og að nýbyggingarkafla vestan Skálaness. Leyfið veitt með fyrirvara um að farin verði efri leið frá stöð 1900 að stöð 3500 eins og landeigendur í Gröf hafa farið fram á. Einnig að vegtengingar við bæi í Gufudalssveit verði ásættanlegar fyrir íbúana.
4. Tilnefning tveggja fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd, einn aðalman og einn til vara. Samþykkt að tilnefnda Eirík Snæbjörnsson sem aðalman og Jóhannes Geir Gíslason sem varamann.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:55.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)